

Stjórnvaldssekt vegna brots á 63. og 64. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003.

Þann 27. ágúst 2007 sektaði stjórn Fjármálaeftirlitsins Glitni banka hf. („Glitnir“) vegna brots á 63. og 64. gr. þágildandi laga um verðbréfavíðskipti, nr. 33/2003 (vvl).

Málavextir voru þeir að þann 15. mars 2007 barst Fjármálaeftirlitinu bréf frá Glitni um „yfirsjón hvað varðar tilkynningar um gerð tiltekinna fruminnherja á kaupréttarsamningum við Glitni banka hf.“. Um var að ræða kaupréttarsamninga sem bankinn gerði við fruminnherja sem ekki voru stjórnendur.

Stjórn Fjármálaeftirlitsins komst að þeirri niðurstöðu að Glitnir hefði brotið gegn 63. gr. og 64. gr. vvl. Þegar félagið tilkynnti ekki innan tilskilinna tímamarka, til Fjármálaeftirlitsins og Kauphallar Íslands hf., um gerð kaupréttarsamninganna.

Samkvæmt 63. gr. vvl. ber útgefanda að tilkynna samdægurs um víðskipti fruminnherja og aðila fjárhagslega tengda honum til Fjármálaeftirlitsins. Ákvæðið gildir einnig um fyrirhuguð víðskipti með fjármálagerninga sem tengdir eru verðbréfum útgefanda, s.s. kaupréttarsamninga, sbr. 2. mgr. 63. gr. Ennfremur ber útgefanda þegar í stað að senda upplýsingar um eigin víðskipti með fjármálagerninga tengda hlutum útgefanda, til Kauphallar Íslands hf., sbr. 64. gr. vvl., en útgefandi telst ávallt, eðli málsins samkvæmt, fjárhagslega tengdur stjórnendum sínum.

Var það mat stjórnar Fjármálaeftirlitsins að ekki væri ástæða til að vísa málinu til refsimeðferðar hjá ríkislögreglustjóra, skv. 78. gr. vvl., heldur væri það þess eðlis að rétt væri að ljúka því með stjórnvaldssekt í samræmi við heimildir Fjármálaeftirlitsins í 74. gr. vvl. Með hliðsjón af atvikum málsins og fyrra brots þótti hæfileg sekt vera kr. 500.000.